

# Fróðleg skýrsla

NÝKOMIN er út skýrsla hins Íslenska Náttúrusfræðifjelags, ásamt fylgiriti um fuglamerkingar Náttúrusafnsins. Segir þar frá mjög mikilsverðu en ekki að því skapi mikilsmetnu starfi nokkurra manna, sem ættu skilið að geta starfað við betri ástæður. Í fylgiritinu minnist dr. Finnur Guðmundsson á tvö fróðleg brjef, sem hann hefir fengið, annað frá írskum veidimanni, sem á einu veidi-tímabili hafði skotið 2751 fugl, hitt frá enskum, en sá hefir á 7 veidi-tímabilum skot-íð yfir 20000 hrossagauka, á lítilli eyju í Hebridesklasamum, þar sem hann átti veidi-rjett“. Varpar þetta nokkrum ljósi á það, hvænig sumir efna menn skemta sjer, á jörd, þar sem ekki er verið á góðri leið eumþá.

Mbl. 12 maí 1945

Í skýrslu þessari er minst á hið stórbýdingarmikla áhugamál Náttúrusfræðifjelagsins að koma upp húsi yfir safnið, og horfir nú í þeim efnunum mun betur en áður, þar sem fengin er lóð undir hið fyrirhug-aða hús, og ennfremur hefir verið veitt nokkurt fje til þess. Mundi það þýða mikil fyrir íslenska menningu, ef slíkt hús kæmist upp, og væri ekki of fátæklegt. Og í því þyrfti að vera húsrúm einnig fyrir stofnun, sem hjeti Jarðfræðirannsókn Íslands, og mikil þörf er á. Jóhannes Áskels-son jarðfræðingur, formaður Náttúrusfræðifjelagsins, og Steindór Steinþórsson grasa-fræðingur, hafa ritat um þörfina á stórra Íslandslýsingu, og væri vissulega gott og mikilsvært að fá hana, en þó vanhagar emiþá mjög um ýmsar raunnsóknir, og þá ekki síst í jarðfræði landsins, áður slík lýsing gæti orðið nokkuð lík því, sem þyrfti að vera. Sem nákvæmust jarðfræðileg hús-ing á Íslandi mundi hafa al-menna ví sindalega þýðingu, og ekki einungis fyrir Íslendinga eina, og mætti þess vegna gera ráð fyrir, að slík stofnun gæti orðið nokkurs stuðnings aðnýjóandi t. d. frá Bandaríkjunum og Canada, þar sem jarðfræði mun nú vera á hærra stigi en annarsstaðar hjer á jörðu.